

Reykjavík, 31. maí 2021

Samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytið

Sveitarfélög og byggðamál

Efni: Umsögn Samorku um drög að Hvítbók um byggðamál. Samráðsgáttarmál nr. 115/2021

Samorka þakkar tækifærið til þess að veita umsögn um drögin. Í lýsingu á málinu kemur fram að með byggðaaætlun skuli lýsa stefnu ríkisins í byggðamálum hverju sinni og samhæfing við aðra stefnumótun og áætlanagerð hins opinbera. Meginmarkmið áætlunarinnar er að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu, jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðalaga um land allt. Sérstök áhersla skal lögð á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf.

Samorka veitti ítarlega umsögn um grænbókina og er mjög ánægjulegt að tekið hefur verið tillit til mjög margra þeirra ábendinga sem þar komu fram og í hvítbókinni er nú mjög góð umfjöllun um fjölmörg atriði sem snúa að orku- og veitumálum og mikilvægi þeirra í byggðapróun og byggðamálum.

Samorka eru samtök orku- og veitufyrirtækja um land allt og rétt að minna á að öll þessi fyrirtæki reka samfélagslega mikilvæga innviði sem öll heimili og fyrirtæki í landinu reiða sig á allan sólahringinn, alla daga ársins. Í þessu samhengi er samhæfing við aðra stefnumótun mikilvæg og í tilviki orku- og veitugeirans má einkum nefna Orkustefnu fyrir Íslands, ásamt aðgerðaráæltun hennar, verndar- og orkunýtingaráætlun (rammaáætlun), þingsályktun um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku og kerfisáætlun, svo þær helstu séu nefndar. Í hvítbókinni kemur fram að meðal lykilviðfangsefna stefnunar sé að auka fjölbreytni atvinnulífsins, tryggja tækniþróun og uppbyggingu innviða um land allt og treysta þar með samkeppnishæfni og getu okkar til að takast á við áskoranir í umhverfis- og loftslagsmálum.

Ekki þarf að fjölyrða um að grundvöllur alls þessa er aðgengi að sjálfbærri orku (raforku og heitu vatni) ásamt nauðsynlegum innviðum sem tryggja orkuöryggi um allt land. Hér þarf einnig að leggja sérstaka áherslu á rétt komandi kynslóða til aðgengis að grænn orku og þar með að nýta þau fjölmörgu tækifæri sem hún skapar í orkuskiptum og grænni endurreisn í þágu umhverfisins og loftslagsmála með hagsmuni okkar og heimsins alls að leiðarljósi.

Ánægjulegt er að sjá að þessi sjónarmið eru nú víða fléttuð inn texta hvítbókarinnar og áhersla lögð á að hér er um grundvallaratriði að ræða þegar kemur að samkeppnishæfni fyrirtækja og þar með jafna tækifæra til atvinnu og búsetu um land allt.

Samorka tekur undir þau sjónarmið að jöfnun orkukostnaðar byggi á framlögum úr ríkissjóð eins og nú er gert ráð fyrir í Orkustefnu. Þá er lögð áhersla á að raforkulög og þar með ákvörðuð tekjumörk gera ráð fyrir að kostnaður greiðist af þeim sem honum veldur eins og það er jafnan nefnt og því mikilvægt að eigi að byggja dreifikerfin í dreifbýli hraðar upp en nú er gert ráð fyrir er mikilvægt að tryggja til þess sérstakar fjárveitingar eða stórauðnar niðurgreiðslur til að mæta nauðsynlegum gjaldskrár breytingum sem þyrftu annars að koma til.

Í þessu samhengi er rétt að áréttu að þær fjárhæðir sem nefndar eru í **kafla 5.2, B.1 um „þrífösun og jarðstrengjavæðingu dreifikerfis raforku“** duga hvergi nærri til að mæta heildarkostnaði við að ljúka þessum verkefnum og líklega um einhvern misskilning að ræða varðandi kostnað við þessi verkefni í heild sinni. [Í skýrslu starfshóps um raforkuflutning í dreifbýli frá apríl 2019](#) kemur fram að áformað sé að ljúka endurnýjun og uppbyggingu þriggja fasa jarðstrengjum og jarðspennustöðvum fyrir árið 2035 og að áætlaður kostnaður RARIK við að ljúka því verkefni sé um 16,3 milljarðar (kafla 2.1 liður 4 bls. 5). Mikilvægt er að þessi texti í hvítbókinni verði leiðréttur hér að lútandi.

Þegar kemur að orkuskiptum er mikilvægt að áfram stutt verði sérstaklega við uppbyggingu nauðsynlegra innviða á landsbyggðinni og þá líka með svonefndan markaðsbrest á ákveðnum svæðum í huga. Mikilvægt er því að þessum aðgerðum sem nefndar eru í kafla B.2. verði flýtt og meiri fjármunum varið til þeirra sem eykur líkurnar á því að markmiðin um jarðefnalaust Ísland náist vel fyrir árið 2050.

Mikilvægt er að áréttu mikilvægi þess að vinna nýja orkunýtingaráætlun fyrir Íslands og tryggja við vinnslu hennar sé skylt að taka tillit til framtíðar orkuþarfa landsins og þar með orkuöryggis þess. Eitthvað sem verkefnisstjórn rammaáætlunar telur ekki vera á verksviði sínu. Með þetta í huga er mikilvægt að grundvallar endurskoðun fari fram á lögunum um rammaáætlun eins og Samorka hefur ítarlega lýst í umsögnum sínum. Allar þjóðir heims líta á þetta sem skyldu sína þegar kemur að því að veita aðgegni að orkuauðlindum sem aftur snýr beint að lífskjörum og tækifærum um land allt.

Eins og vikið er að í fyrri umsögn Samorku er stuðningur við frekari hitaveituvæðingu og þar með frekari jarðhitaleitar á svonefndum köldum svæðum mjög mikilvæg enda sýnir reynslan að þar geta leynst enn frekari tækifæri sem geta lagt grunn bættum búsetuskilyrðum og lífskjörum á viðkomandi svæðum. Að sama skapi þarf hér að huga að rekstrargrundvelli núverandi hitaveitna og þá ekki sýst með nauðsynlegt aðgengi að auðlinda nýtingu að leiðarljósi sem aftur hefur snertiflöt við orkunýtingaráætlun sem áður er vikið að.

Varðandi aðra veitustarfssemi er mikilvægt að áréttu áframhaldandi stuðning við uppbyggingu fráveitna um land allt, en verkefnið þar að lútandi hefur nú verið tekið upp að nýju sem er mjög mikilvægt og ber að þakka. Í því samhengi þarf þó einnig að hafa í huga að einstök sveitarfélög kunna að þurfa á sérstökum og auknum stuðningi að halda eins og dæmin sýna.

Samorka vill að lokum áréttu að einn af hornsteinum góðrar byggðaáætlunar er áhersla á trausta orku- og veituvinnviði um land allt og að við og framtíðar kynslóðir eigi þess kost að nýta endurnýjanlegar auðlindir okkar til að byggja undir traust efnahagslíf og búsetu um land allt. Leiða má að því líkum



Samorka eru samtök orku- og veitufyrirtækja á Íslandi. Innan samtakanna starfa fráveitur, hitaveitur, vatnsveitur, raforku- framleiðendur, raforkusalar og flutnings- og dreifingaraðilar raforku

tækifæri okkar í fljölnýtingu þessara sjálfbærru auðlinda geti lagt grunn að enn fjölbreyttara atvinnulífi um land allt ef við höldum rétt á spöðunum. Ný stóriðja, í orkuskiptum með beinni nýtingu raforku og eða rafeldsneytisframleiðslu, í framleiðslu matvæla þar sem raforka, heitt vatn og hreint og tært neysluvatn leika aðalhlutverkið í grænni byltingu, sem nýsköpunarverkefni um allt land sýna okkur að geta orðið og munu verða að veruleika og halda áfram að þróast.

Aðgengi að þessum auðlindum okkar munu hér eftir sem hingað til leggja grunninn að getu okkar til að standast samanburð og alþjóðlega samkeppni um fólknið okkar og fyrirtæki.

Að öðru leyti vísar Samorka til umsagnar aðildarfyrirtækja sinna.

**Virðingarfyllst,
f.h. Samorku**

Baldur Dýrfjörð lögfræðingur